

ENSK3YN05

Búið til: Tue, 23 Sep 2014 12:28:06 GMT

Titill

Yndislestur

Skammstöfun

ENSK3YN05

Útgáfunúmer

16

Námsgrein

enska

Viðfangsefni

yndislestur

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

3

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Áfanginn gengur út á að nemendur lesi enskan texta sér til ánægju og yndisauka. Í stað tímasóknar er lögð áhersla á sjálfstæð vinnubrögð nemenda þar sem þeir nýta tímann til lesturs og verkefnavinnu sem tengist textanum.

Forkröfur

Amk. 10 einingar í ensku á 2. þrepi

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mismunandi tegundum bókmennta
- enskum bókmenntum og samfélaginu eins og það birtist í bókmenntum
- orðaforða sem gerir honum kleift að tileinka sér með góðu móti lesefni í áframhaldandi námi eða starfi

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa sér til gagns og gamans bókmenntatexta
- skilja meginefni óstytt bókmenntatexta
- vnna með nýjan orðaforða

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- tjá sig á ensku um efni sem hann hefur kynnt sér til hlýtar
- átta sig á samfélagslegri skírskotun og ná dulðum boðskap og hugmyndum
- tjá rökstudda afstöðu og taka þátt í málefnalegri umræðu um bókmenntir

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft leiðsagnarmat með símati alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega.

Skólar

Fyrirmynd